

### 13. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 11.4. 2023, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi mætti undir lið 1. og Kristinn Bjarnason lögfræðingur mætti undir lið 2.

#### Dagskrá:

1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2022, fyrri umræða
2. Skýrsludrög um þjónustu sveitarfélagsins
3. Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss í Fljótsdalshreppi, fyrri umræða
4. Skólaskrifstofa Austurlands
5. Ársreikningur Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps
6. Búsetuminjaverkefni
7. Umsókn í styrkvegaskjóð
8. Landvarsla við Hengifoss
9. Fundargerðir:
  - a. Samtök orkusveitarfélaga 7.3.2023
  - b. Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 16.3.2023
  - c. HAUST 16.3.2023
  - d. Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands 14.3.2023
  - e. Stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga 17.3.2023
  - f. Stjórnarfundur Ársala bs. 28.3.2023
  - g. Byggðaráð Múlaþings 21.3.2023
10. Styrkumsóknir
  - a. Mottumars
  - b. Skógardagurinn mikli
11. Bréf
  - a. Styrktarsjóður EBÍ
12. Skýrsla sveitarstjóra
13. Önnur mál:

**1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2022, fyrri umræða**

Sigurður Álfgeir fór yfir drög að ársreikningi sveitarfélagsins. Samþykkt að vísa ársreikningnum til annarrar umræðu.

**2. Skýrsludrög um þjónustu sveitarfélagsins**

Kristinn kom á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og fór yfir drög að skýrslu sem hann hefur unnið að ásamt Helga og Jóhanni.

**3. Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss í Fljótsdalshreppi, fyrri umræða**

Fyrir liggja drög að sameiginlegri samþykkt sveitarfélaga á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands til fyrri umræðu í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir í fyrri umræðu og í samræmi við 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, fyrirliggjandi drög að sameiginlegri samþykkt sveitarfélaga á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands um umgengni og þrifnað utanhúss.

**4. Skólaskrifstofa Austurlands**

a) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands samþykkir að slíta og gera upp A deild Skólaskrifstofu Austurlands frá og með 31.12.2022. Samþykkt er að miða uppgjör skuldbindinga A hluta skólaskrifstofu við íbúatölu aðildarsveitarfélaganna í árslok 2022. Eignir og skuldbindingar A hluta Skólaskrifstofu Austurlands taka mið af stöðu lífeyrisskuldbindingar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skammtímaeignir og handbært fé og fasteignamat fasteignar félagsins samkvæmt ársreikningi 31.12.2022. Áætluð skuldbinding til skipta er neikvæð um 31,1 milljón króna. Endanleg niðurstaða skuldbindingarinnar fæst eftir að fasteign félagsins hefur verið seld og verður þá endanlega útfærð á grunni íbúafjölda í árslok 2022. Jafnframt samþykkir aðalfundurinn að fasteign félagsins að Búðareyri 4 á Reyðarfirði verði seld. Samþykkt samhljóða.

b) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands samþykkir að beina því til aðildarsveitarfélaganna að öllum rekstri byggðasamlagsins verði hætt í árslok 2023 og því slitið á grundvelli stöðu rekstrar og efnahags í árslok ársins 2023. Í því felst að samstarf um rekstur þjónustusvæðis fatlaðs fólks á Austurlandi verður hætt frá og með 1.1.2024 og aðildarsveitarfélögin taki við þjónustusvæðinu vegna þjónustu við fatlað fólk. Uppgjör endanlegra slita byggðasamlagsins um Skólaskrifstofu Austurlands verður byggt á stöðu þess í árslok 2023 og gert verður sérstakt samkomulag um ráðstöfun eigna og skuldbindinga í því uppgjöri. Samþykkt samhljóða. Ársreikningur vegna 2022 kynntur.

**5. Ársreikningur 2022 Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps**

Kynntur

**6. Búsetuminjaverkefni**

Samþykkt að styrkja skráningaverkefnið Búsetuminjar í Fljótsdal um kr. 1.000.000.

**7. Umsókn í styrkvegaskjóð**

Sótt um í styrkvegaskjóð frá Múlavegi að Þorgerðarstöðum og frá Þorgerðarstöðum að Sveinsseli í Suðurdal. Einnig er sótt um lagfæringar á Geldingafellsslóð frá Hraunaveituvegi að Þjóðgarmörkum.

## 8. Landvarsla við Hengifoss

Samþykkt að leggja til kr. 1.000.000 til Vatnajökulsþjóðgarðs/Snæfellsstofu vegna landvörslu við Hengifoss. Sveitarstjórn fer jafnframt fram á að Umhverfis-,orku- og loftslagsráðuneytið standi við gefin loforð um fjárframlög til verkefnisins.

## 9. Fundargerðir:

- a. **Samtök orkusveitarfélaga 7.3.2023**  
kynnt
- b. **Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 16.3.2023**  
kynnt
- c. **HAUST 16.3.2023**  
kynnt
- d. **Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands 14.3.2023**  
Fundargerð kynnt og samþykkt að skipa 2 fulltrúa til að skoða framtíðar fyrirkomulag Minjasafnsins. Fulltrúar Fljótsdalshrepps eru Helgi sveitarstjóri og Lárus oddviti
- e. **Stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga 17.3.2023**  
kynnt
- f. **Stjórnarfundur Ársala bs. 28.3.2023**  
kynnt
- g. **Byggðaráð Múlaþings 21.3.2023**  
kynnt

## 10. Styrkumsóknir

- a. **Mottumars**  
Samþykkt að styrkja kr. 7.500 samkvæmt beiðni.
- b. **Skógardagurinn mikli**  
Samþykkt að styrkja Félag skógarbænda um kr. 200.000.

## 11. Bréf

- a. **Styrktarsjóður EBÍ**  
Samþykkt að sækja um í sjóðinn vegna Búsetuminjaverkefnis í Fljótsdal til viðbótar við styrk sveitarfélagsins til Gunnarsstofnunar.

## 12. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri segir frá helstu málum sem eru á döfinni.

## 13. Önnur mál:

Sveitarstjórn skorar á Vegagerðina að laga vegina í Suður og Norðurdal sem fyrst. Norðurdalsvegi hefur verið lokað nú þegar vegna drullu að beiðni Vegagerðarinnar. Benda má á að þar fyrir innan eru heimili manna og hótél.

Fyrirhugað er að hafa námskeið í fyrstuhjálpi í apríl en erfitt reynist að finna leiðbeinanda.

Kjartan kynnti áframhaldandi vinnu sem er í gangi eftir fund um brunavarnarmál.

Íbúar eru minntir á að umsóknarfrestur fyrir Umhverfisstyrk rennur út í apríl. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn vill benda íbúum sveitarfélagsins á að fara með slökkvitæki í yfirferð hjá Brunavörnum á Austurlandi sem staðsett er á Egilsstaðaflugvelli.

Fundi slitið kl: 20:20

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

---

Anna Jóna Árnarsdóttir

---

Halla Auðunardóttir

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Kjartan Benediktsson

---

Lárus Heiðarsson oddviti